

## Aðalfundur Prentsöguseturs 6. maí 2021

*haldinn að Stórhöfða 31, kl.16.30*

- 1) *Formaður setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna.* Hann stakk upp á Sæmundi Árnasyni sem fundarstjóra og Þóru Elfu Björnsson sem fundarritara. Var það samþykkt. Formaður sagði aðalfund hafa dregist vegna kórónuveirunnar. Í *skýrslu stjórnar* kom fram að starf innan stjórnar hefur einkennst af tæknilegum samskiptamátum. Nokkur tími hefur farið í að afla tekna til Prentsöguseturs. M.a. var sótt um til Menntamálaráðuneytisins og kom Lilja Alfreðsdóttir menntamálaráðherra í heimsókn í setrið og lauk þessu með því að Pss fékk 10 miljóna króna styrk til framkvæmda og standsetningar þess rýmis (þrjár misstórir salir) sem hýsa mun sögusýningu félagsins í Gestahúsi, Skálholti. Meðfram er unnið að hönnun sýningarinnar með Birni G. Björnssyni, sýningahönnuði. Þá fengust kr. 400.000 frá SASS, Sambandi sveitarfélaga á Suðurlandi, frumhönnunar sýningarinnar og fyrir nokkrum dögum kom tilkynning um styrk úr Sjóði Eðvarðs Sigurðssonar eða kr. 500.000. Félagið hefur sótt um víðar en svör ekki borist. Nokkrir fundir hafa verið haldnir með hönnuði og stjórnarmönnum. Þá hefur Seðlabanki Íslands styrkt félagið með 200.000 krónum, sem fara í daglegan rekstur, húsaleigu, plássleigu fyrir gáma með tækjum o.þ.h. Skipulag sýningar í Skálholti verður í tengslum við aðra þróun staðarins. Unnið er að því að setja upp safn gamalla bóka í eigu Skálholtsstaðar. Skipulagið verður þannig að gengið verður í gegnum sýningu Pss inn í bókasafnið, þannig að gestir fara í gegnum söguna inn í safnið. Á sýningunni verða verkfæri, tæki og myndir verða í nokkrum sölum. Sýning munanna verður eins konar útibú fyrir Prentsöguseturs sem mun leggja til tæki, muni o.fl. Þá skýrði formaðurinn frá því að Grímur Kolbeinsson, ritari félagsins vinni að því að taka vídeóviðtöl við nokkra gamla féлага í samvinnu við Guðmund Ágúst Kristinsson. Fréttabréf Pss hefur komið tvisvar út á netinu en getur líka fengist á pappír. Haukur þakkaði fyrir gott samstarf stjórnarinnar og þakkaði sérstaklega Svani Jóhannessyni fyrir drjúga söfnun nýrra féлага.
- 2) Heimir Br. Jóhannesson flutti *skýrslu um Prentsögusetrið*. Hann sagði starfsemina hafa legið niðri að mestu á árinu, lítið verið um móttökur eða sýningar. Stjórnarfundir hafa verið haldnir þar auk þess sem Lionsfélagið Fjölnir leigði húsnæðið fyrir fund. Komu kr. 24.500 í leigu vegna þess. Nemendur í grafískri hönnun í LHÍ komu í heimsókn og voru mjög ánægðir, höfðu flestir aldrei séð svona gripi fyrr. Heimir var með hugmynd um að fá fjölmiðlamenn frá Mbl og Fréttablaðinu auk RÚV til að kynnast sýningunni og hinum einstæðu gripum. Hann sagðist vilja hafa þar fyrirlestrarkvöld og fá menn eins og Guðna Ágústsson og Helga Bernóðusson til að segja frá kynnum sínum af prentsmiðjum og bókagerðarmönnum; kannski mætti hafa aðgangseyri. Að lokum afhenti Heimir gjaldkeranum Tryggva Agnarssyni innkomuna frá Lionsklúbbsfundinum.
- 3) *Reikningar félagsins*. Tryggvi gjaldkeri fór yfir reikningana og sagði félagið standa nokkuð vel. Í árslok 2020 var eign félagsins í peningum kr. 762.676. Engar athugasemdir höfðu

borist frá endurskoðendum. Síðan voru reikningarnir og skýrsla stjórnar borin upp og hvoru tveggja samþykkt samhljóða.

- 4) *Lagabreytingar*. Engar breytingatillögur höfðu borist.
- 5) Samþykkt var tillaga stjórnar um óbreytt félagsgjald eða kr. 4000.
- 6) *Kosning formanns*. Einn var í kjöri: Haukur Már Haraldsson og var hann klappaður í sætið.
- 7) *Stjórnarkjör*. Kosning fjögurra í aðalstjórn og tvo í varastjórn. Tillaga kom um Grím Kolbeinsson, Heimi Örn Gunnarsson, Hjört Guðnason, Tryggva Þór Agnarsson, Katrínu Jónsdóttir og Þór Agnarsson. Voru þau öll samþykkt samhljóða.
- 8) *Kosning spjaldskrárritara*. Svanur Jóhannesson var kjörinn í það embætti.
- 9) *Endurskoðendur félagsins*. Samþykktir voru til áframhaldandi setu þeir Ólafur Stolzenwald og Simon Knight.
- 10) *Kosning framkvæmdastjórnar Gömlu prentsmiðjunnar*, tillaga var um: Ágúst Guðjónsson, Baldvin Heimisson, Heimi Br. Jóhannesson, Katrínu Jónsdóttur og Sófus Guðjónsson. Voru þau öll samþykkt án mótframboðs.
- 11) *Önnur mál*. Engin önnur mál voru borin upp.

Að lokum þakkaði Haukur Már fyrir samstarfið á liðnu ári, fagnaði því samstarfi sem framundan væri og sagðist boða nýja stjórn fljótlega á stjórnarfund.

Og sleit síðan fundi

*Þóra Elfa Björnsson,*  
fundarritari